



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*nefndasvid@althingi.is*

Reykjahverfi 27. apríl 2017

**Umsögn frá Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf við mál nr. 402, tillögu fjármálaráðherra til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022.**

Við teljum það óðs manns æði að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu úr neðra þrepi í það efra, eins og lagt er til í fjármálaáætlun. Þetta er tilræði við ferðaþjónustuna utan suðvesturhorns landsins og ljóst er að ekkert hefur verið hugsað um hverjar afleiðingarnar kynnu að verða, sérstaklega fjær höfuðborgarsvæðinu.

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf. er millistórt ferðaþjónustufyrirtæki staðsett í Reykjahverfi með 10-12 heilsárs störf en nokkuð fleiri starfsmenn að sumarlagi. Fyrirtækið annast hópferðir, er með ferðaskrifstofuleyfi og býður upp á skipulagðar ferðir með leiðsögn árið um kring.

Frá stofnun árið 1982 hefur fyrirtækið verið að byggja sig upp hægt og bítandi. Síðustu ár hefur starfsemin vaxið og þá sérstaklega á háönn, en engu að síður er enn ekki kominn grundvöllur fyrir starfseminni í þjónustu við ferðamenn allt árið. Til að halda í góða starfsmenn árið um kring hefur fyrirtækið haslað sér völl á sviði snjómoksturs og annarra tilfallandi verkefna. Við höfum horft björtum augum til ferðaþjónustunnar almennt, ekki síst í ljósi þess að fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið að skila sér í auknu mæli út á land undanfarin ár, sérstaklega á háönn. Nú eru hins vegar blikur á lofti. Við finnum fyrir miklu hiki viðskiptavina á að panta þjónustu fram í tímann, jafnvel á háönn. Þar ræður mikil óvissa vegna verðhækkana sem stafa fyrst og fremst af gengishækkun síðustu missera. Á síðasta ári tók hópferðageirinn á sig 11% virðisaukaskatt sem varð að einhverju leiti að fara út í verlagið. Með öllu er því óhugsandi að virðisaukaskattur verði hækkaður og staðan þannig gerð óvinnandi. Líkurnar á aukinni svartri atvinnustarfsemi aukast verulega við þessar aðstæður, sem aftur grefur undan fyrirtækjum sem leggja sig fram um að hafa allt sitt á hreinu.

Enn meiri dýrtíð í ferðaþjónustu vegna hærri virðisaukaskatts kemur augljóslega mest niður á fyrirtækjum á borð við okkar, sem störfum fjarri suðvesturhorninu. Eftir því sem stærri hluti af eyðslu ferðamanna fer til að borga skatta, þess minna geta þeir ferðast. Fyrirséð er að þó svo að ferðamönnum haldi áfram að fjölga, þá skiptir það okkur á landsbyggðinni engu máli ef öll þjónustan er orðin of dýr, meðal annars vegna hærri virðisaukaskatts. Þeir ferðamenn sem sjá sér fært að koma til landsins munu halda sig á suð-vestur horninu og sjá sér ekki fært að ferðast út á land.



Það lýsir ótrúlegu skilningsleysi á atvinnugreinina og dómgreindarleysi ráðamanna að láta sér detta í hug hækkun virðisaukaskatts við þær aðstæður sem nú eru uppi og það fyrst og fremst til fækkunar ferðamanna sem sækja landið heim. Umræðan ein hefur valdið verulegu bakslagi nú þegar og tekið bjartsýnina frá fólki sem hefur barist, sumir í áratugi, við erfiðar aðstæður við að kveikja áhuga erlendra ferðamanna á sínum landshluta.

Nú er svo að sjá og heyra að stjórnvöld og menn þar í æðstu stöðum séu höfuð andstæðingar ferðapjónustunnar á landsbyggðinni.

Við skorum því á ráðamenn að falla frá hækkun á virðisaukaskatti ferðapjónustunnar og standa með atvinnugreininni.

f.h.Fjallasýnar Rúnars Óskarssonar ehf  
Smiðjuteigi 7, Reykjavíkurverfi  
641 Húsavík

*Rúnar Óskarsson*